

Fimmtudaginn 10. október 1957.

Nr. 66/1957. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson hrl.)

gegn

Agli Þorgilssyni (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
son og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Theodór B. Líndal
og Ármann Snævarr.

Ölöglegur innflutningur áfengis.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til lýsingar málavaxta í hinum áfrýjaða dómi verður að telja ákærða ábyrgan fyrir greiðslu fésektar samkvæmt lagaboðum þeim, er þar greinir. Hins vegar verður honum ekki dæmd refsivist til vara, ef sektin greiðist ekki, með því að ekki er leitt í ljós, að hann hafi átt nokkurn þátt í brotinu né að það hafi verið framið með vitund hans.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm að fráskildu ákvæði um vararefsingu.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um vararefsingu er felld niður, en að öðru leyti á hann að vera óraskaður.

Ákærði, Egill Þorgilsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. febrúar 1957.

Ár 1957, mánudaginn 11. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 131/1957: Ákærvaldið

gegn Agli Þorgilssyni, sem tekið var til dóms þann 8. febrúar s.l.

Málið er höfðað gegn Agli Þorgilssyni skipstjóra, til heimilis í Skaftahlíð 26 hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 26. nóvember s.l., ákærður „fyrir áfengislagabrot samkvæmt 4. gr., sbr. 2. tl. 33. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir ákærði brotlegur við téð lagaákvæði, með því að í skipi hans, m/s Tröllafossi, fundust 3. september s.l. 12 flöskur af ólöglegu áfengi (spíritus), sem enginn hefur fundizt eigandi að meðal skipverja.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, að framangreindar 12 áfengisflöskur verði gerðar upptækar ríkissjóði til handa samkvæmt 33. gr. i.f. áfengislaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 5. ágúst 1895 í Knarrarhöfn í Hvammssveit. Hefur hann eigi, svo kunnugt sé, sætt kærú eða refsingu fyrr.

Málavextir eru þessir:

Ákærði er skipstjóri á m/s Tröllafossi. Þann 2. september 1956 kom m/s Tröllafoss til Reykjavíkur frá New York. Tollgæzlan framkvæmdi þegar venjulega tollleit í skipinu.

Fannst talsvert magn af áfengi auk vindlinga og barnafatnaðar, er ekki hafði verið gefið upp við komu skipsins. Áfengið reyndist 53 lítrar af spíritus og 7 flöskur af genever. Við landganginn var tekinn af einum skipverjanum 31 lítri af spíritus að auki. Vindlingarnir, sem fundust, reyndust 3200, og 14 tylftir af barnafatnaði fundust auk 94 stykkja af barnafatnaði, sem voru tekin af einum skipverjanum við landganginn. Eigendur fundust að öllum þessum varningi. Voru það nokkrir skipverjanna. Mál þeirra voru til lykta leidd með dómsáttum.

Daginn eftir komu skipsins varð einum tollverðinum gengið um borð í m/s Tröllafoss. Þar hitti hann tvo drengi, á að gizka 9 og 11 ára. Drengir þessir báðu tollvörðinn að skoða í kassa, sem væri uppi á brúarvængnum. Þeir létu og þess getið, að meira væri uppi á reykháf skipsins. Tollvörðurinn hugaði nánar að þessu. Á brúarvængnum var pappakassi með 6 flöskum af spíritus. Uppi á reykháfnum var annar pappakassi. Í honum voru einnig 6 flöskur af spíritus. Flöskur þessar tóku hver um sig einn lítra. Tollvörðurinn fór með áfengi þetta upp á tollbúð. Honum láðist að inna drengina nánar eftir því, hvort þeir vissu, hvernig á kössunum stæði. Hann spurði þá einskis. Þó skildist honum á þeim, að þeir hefðu borið annan kassann út á brúarvænginn. Gekk tollvörðurinn út frá því, að báðir kassarnir hefðu verið uppi á reykháfnum. Ekki hvarflaði að tollverðinum að inna drengina eftir nafni þeirra og heimilisfangi. Hann lét nægja að vísa þeim í land.

Ekki tókst að upplýsa, hver væri eigandi áfengis þessa.

Ljóst er, að hér er um áfengi að ræða, sem tekizt hafði daginn áður að skjóta undan eftirgrennslan tollgæzlumanna, og hefur verið búið að koma því fyrir á reykháfum til þess að auðvelt væri að grípa til þess í skyndi og skjóta því í land, er tollgæzlumenn væru eigi nálægir. En drengirnir komu í veg fyrir þessa fyrirætlun eiganda með því að vekja athygli tollvarðarins á áfenginu. Það er því hér um áfengi að tefla, sem eigi hefur verið sagt til við komu skipsins, og þar sem enginn hefur fundizt eigandi að áfengi þessu, sem hlýtur að vera einhver af áhöfninni, ber ákærði sem skipstjóri m/s Tröllafoss í þessari ferð skipsins ábyrgð á áfengi þessu samkvæmt 3. mgr., sbr. 6. mgr. 4. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Refsingi ákærða ber að ákveða samkvæmt 2. tl. 33. gr. áfengislaga, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 5.200.00 í sekt til menningarsjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 33. gr. i.f. áfengislaga ber að gera umræddar 12 flöskur af spíritus upptækar til ríkissjóðs.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Egill Þorgilsson, greiði kr. 5.200.00 í sekt til menningarsjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 12 flöskur af spíritus eru upptækar til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., að upphæð kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.